



Er gasskynjari í bílnum? .....  Já  Nei  
*Gasskynjari á að vera staðsettur niður við gólf.*

Er farið reglulega yfir lagnir frá gaskút að tengdum tækjum yfir sumarið? .....  Já  Nei

Er reykskynjari, eldvarnarteppi og slökkvitæki til staðar í bílnum? .....  Já  Nei  
*Reykskynjari á að vera í loftinu og eldvarnarteppi og slökkvitæki eiga að vera sýnileg og á aðgengilegum stað.*

Er þess gætt að leggja ekki of nærri öðrum húsbílum á tjaldstæðum? .....  Já  Nei  
*Hætta er á að laus eldur fari á milli bíla á tjaldstæðum. Við þær aðstæður gilda tryggingar hvers bíls fyrir sig og ef hann er ekki í kaskó þá er hann ótryggður gagnvart þeim bruna.*

Er vindafar alltaf skoðað áður en lagt er af stað? .....  Já  Nei  
*Upplýsingar um vindafar má sjá á Vegasjá á vegagerdin.is, í síma 1777, á vedur.is og á textavarpinu. Gott er að miða við að fara ekki af stað ef meðalvindhraði fer yfir 15 m/sek því þá geta vindhviður farið upp í 24-26 m/sek.*

Er dregið úr hraða ef ekið er í miklum vindi? .....  Já  Nei  
*Ökum á jöfnum hraða, höfum nægt bil á milli bíla, tökum ekki framúr öðrum, bremsum ekki snögg þegar vindhviða skellur á og stöðvum ökutæki ef vindur er mjög mikill.*

Eru dekk í lagi m.a. út frá þrýstingi og dýpt dekkjamunsturs? .....  Já  Nei  
*Dýpt dekkjamunsturs á að vera að lágmarki 1,6 mm. Upplýsingar um þrýsting í dekkjum viðkomandi bíls er yfirleitt að finna í hurðarfalsi bílstjórarnegin eða í handbók bílsins.*

Eru rúður hreinar bæði að utan sem innan? .....  Já  Nei

Eru öll ljós bílsins í lagi? .....  Já  Nei

Er allur farangur festur niður þannig að þeir sem eru í bílnum slasist ekki ef umferðaróhapp verður? .....  Já  Nei

Eru allir í bílbeltum þegar bíllinn er á ferð og börn í öryggisbúnaði sem miðast við þyngd þeirra? .....  Já  Nei

Er hnakkastuðningur til staðar í öllum sætum þar sem bílbelti er til staðar? .....  Já  Nei  
*Með rétt stilltum hnakkapúða má draga úr líkum á hálsáverkum í umferðarslysi. Efsti hluti höfuðpúðans á að vera í sömu hæð og hvirfill þess sem situr í sætinu. Jafnframt þarf að gæta þess að sætið halli ekki.*

Er þess gætt að tala ekki í farsíma um leið og ekið er? .....  Já  Nei  
*Ökumaður sem talar í farsíma er fjórum sinnum líklegri til að lenda í umferðarslysi.*

Er húsbíl alltaf læst og verðmæti ekki látin sjást utan frá þegar hann er yfirgefinn? .....  Já  Nei

Er munað eftir því að tjaldsvæði eru líka leiksvæði barna og að aka og bakka eigi af mikilli gát? .....  Já  Nei

Er virkur kolsýrlingsskynjari til staðar? .....  Já  Nei  
*Kolsýrlingsskynjari nemur súrefnisþurrð í umhverfinu og gengur fyrir rafhlöðu.*